

Verkheiti:
Verkkaupi:
Verktaki:
Eftirlitsaðili:

Vífilshöll – Vetrarmýri 18
Garðabær
ÍAV hf.
Strendingur ehf.

Númer stöðuskýrslu: **2.**
Dagsetning skýrslu: 3.mai 2021
Unnið af SG/GBG



Verksamningur

Verksamningur milli Garðabæjar og ÍAV hf. var undirritaður með viðauka þann 22.október 2019, síðan var gerður samningur um að setja ágreining um verkið í gerðardóm þann 23.06.2020 og lágu niðurstöður gerðardóms fyrir 23.11.2020. Samningsupphæð var 4.219Mkr að viðbættum 240Mkr sem niðurstöður viðbótarsamnings og gerðardóms. Heildarupphæð 4.459Mkr. Reikningsfærð staða í verkinu þann 31.03.21 er 2.476 Mkr eða 58,7% af heildarupphæð að viðbættum 198Mkr í verðbætur.



Unnið við þak íþróttasalar

Mannvirkið:

Vífilshöll er að heildarflatarmáli 15.770m² sem skiptist í 9600m² (80m x 120m) íþróttasal, tengibygging á tveimur hæðum 1370m² og viðbyggingu íþróttahúss á þremur hæðum alls 4800m².

Íþróttasalur er með 11-14m lofthæð og inn af honum er upphitunarsvæði og svæði fyrir klifurvegg, frá 2. hæð tengi- og viðbyggingar er hægt að ganga inn á svalir sem eru hringinn í kringum íþróttasalinn. Í tengibygging eru búningsklefar á 1. hæð og á 2. hæð er aðstaða fyrir m.a áhorfendur. Viðbygging innheldur m.a þreksal og ýmis stoðrými en á annarri og þriðju hæð eru rými sem ekki verða innréttuð í þessum áfanga.



Íþróttasalur, bygjað á svalargólfi

Verkstaða.

Þann 27.apríl var verkstaða eftirfarandi

- Jarðvinna: Að stórum hluta lokið, eftir er að ljúka yfirborðsfrágangi.
- Uppsteypa: Lokið fyrir utan gólfílgöng á annari og þriðju hæð.
- Stálvirki: Stálgrind lokið fyrir utan frágang í kringum loftræsikerfi salar.
- Þak: Trapizuplötur er komnar á þak og um 70% af þaki íþróttasalar er pappalagt.
- Veggklæðning: Lokið á íþróttasal og byrjað á undirkerfi tengibygginga.
- Múrverk: Hlaðnir veggir komnir í þrjá af sex búningsklefum á fyrstu hæð.
- Pípulagnir: Gólfhiti fyrstu hæðar kominn og verið að vinna í stofnlögnum hita og neysluvatns
- Rafvirkjar: Vinna samhliða öðrum verkþáttum
- Loftræsing: Uppsetning loftræsistokka í fullum gangi

Næstu vikur verður unnið við einangrun og pappu á þak, klæðningarkerfi útveggja á tengibyggingu sem og frágangur innanhús, aðallega í kringum votrými.



Verið að vinna í hlöðnum innveggjum í salerni á 2.hæð.

Verkætlan

Samkvæmt samningi 23.06.2020 voru verklok 22.desember 2021, verktaki gaf út eftirfarandi uppfærða verkætlan 3.5.2021. Verktaki mun leggja áherslu á uppsetningu innveggja á næstunni svo hægt sé að að koma öðrum iðnaðarmönnum að.

Verkpáttur	Frá	Til
Lagnir, frárennsli og hitalagnir	28.01.21	17.12.21
Loftræsikerfi	24.02.21	17.12.21
Raforkukerfi	02.02.21	17.12.21
Frágangur innanhús	15.03.21	17.12.21
Veggir (léttir/hlaðnir)	15.03.21	22.05.21
Gólfefni	04.08.21	08.11.21
Niðurtekin loft	04.10.21	17.12.21
Innihurðir og gluggar	15.09.21	15.11.21
Spörsln, málun og annar frág.	03.04.21	17.12.21
Handrið stigahús og viðb.	14.06.21	09.10.21
Ýmis frágangur	03.08.21	17.12.21
Knattspyrnugras	01.09.21	01.11.21
Frágangur utanhúss	16.02.21	20.09.21
Einangrun og þakdúkur sals	22.02.21	15.05.21
Klæðning á sal	16.02.21	05.05.21
Gluggar og hurðir	10.05.21	18.08.21
Þakeinangrun og frágangur viðbygging	19.04.21	31.05.21
Klæðning viðbygginga	17.05.21	01.09.21
Bílastæði og lóðarfrágangur	03.08.21	05.10.21



Yfirlistmynd tekin 13.apríl 2021